


Nettengd Biblía fyrir börn
kynnir



Litli herinn
hans
Gídeons




Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest
Aðlagað af: Ruth Klassen
Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2008 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.





Eftir að Jósúa dó, snérist fólk í Ísrael á móti Guði.

Þá gaf Guð þá í hendur Mídíaníta í sjö ár, sem útrýmdu híbýlum þeirra og uppskeru.

Ísraelir flúðu til fjalla og bjuggu þar í hellum.




Gídeon, einn Israelana, var að
preskja hveiti í vínberjapressu
undir stóru tré, til að fela
það fyrir Mídíanítum. Þá
birtist engill Drottins
með skilaboð til
Gídeons.




Guð vildi að Gídeon eyðilegði falskt altari föður síns,
og byggði altari fyrir hinn eina og sanna Guð. Þótt
Gídeon óttaðist að ættmenn hans mundu drepa hann,
þóknaðist hann Guði.



Nú vildi Guð að Gídeon tæki forystu herliðs á móti Mídíanítum, en Gídeon var hræddur. Hann bað Guð um að gefa sér tákni, sem mundi sýna að Guð væri með honum. Síðan lagði hann ullarreyfi á þreskivöllinn.






Pá bað
Gídeon
til Guðs,
"Verði dögg á
reyfinu einu, meðan jörðin er
þurr, þá veit ég að þú munt frelsa
Ísrael fyrir mitt tilstilli eins og þú hefur
sagt." Um morguninn var jörðin þurr, en
reyfið blautt.




Gídeon var enn í vafa. Hann bað nú Guð
að senda dökk á jörðina en ekki á reyfið.
Morguninn eftir var jörðin rök en
reyfið þurrt.



Í fyrstu voru 32.000 menn í her Gídeons, en Guð fækkaði liðinu niður í 300 menn. Guð vildi ekki að Ísraelar gætu sagt að þeir hefðu sigrað af sjálfsdáðum.




Vitandi þess að Gideon var enn hræddur, leyfði Guð honum að hlera á einn af mídíanítunum segja öðrum frá furðulegum draumi. Í draumnum féll brauðkaka á eitt af tjöldum Mídíaníta og gjöreyðilagðist tjaldið.




Þá sagði hinn, skelfingu lostinn. "Þetta er sverð Gídeons ...". Þegar Gídeon heyrði þetta, vissi hann að Guð mundi gefa honum fullan sigur.



Gídeon og menn hans lögðu nú til orrustu að
næturlagi, og hafði hver þeirra sinn trompet, tóma
krús, og blys í hönd. Þeir
umkringdu her Mídíaníta.




Þegar Gídeon gaf merkið, þeyttu þeir hornin, með blysin í vinstri hönd, og mölвуðu krúsirnar. Þvílíkur hávaði! Þvílíkt uppnám! Og flýðu nú Mídíanítarnir í allar áttir.



Eftir þennan mikla sigur, báðu Ísraelsmenn Gídeon að gerast forystumaður þeirra. "Það er ekki mitt að drottna yfir ykkur... Guð er ykkar drottinn", sagði Gídeon, sem vissi að aðeins Guð gæti sett

fólkinu lífsreglur-
nar.



Litli herinn hans Gídeons

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,


er að finna í

Dómarabókinni 6-9

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130





15

60



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífdar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

